

## EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 36

2. árgangur

28.9.1995

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin**

95/EES/36/01

- Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 01
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2812/94 frá 18. nóvember 1994 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 að því er varðar skilyrði fyrir aukinni flutningsgetu á skipgengum vatnaleiðum..... 02
- Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3314/94 frá 22. desember 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum..... 03

95/EES/36/02

- Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn..... 04
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3039/94 frá 14. desember 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1102/89 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum... 05

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin****4. Ráðgjafarnefnd EES****II EFTA-STOFNANIR****1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna****2. Eftirlitsstofnun EFTA****3. EFTA-dómstóllinn****III EB-STOFNANIR****1. Ráðið****2. Framkvæmdastjórnin**

95/EES/36/03

- Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.630 - Henkel/Schwarzkopf)..... 07

95/EES/36/04

- Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð  
(Mál nr. IV/M.578 - Hoogovens/Klöckner)..... 08

95/EES/36/05

- Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.585 - Voest Alpine Industrieanlagenbau GmbH/David International Ltd)..... 08

95/EES/36/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.614 - Generali/France Vie - France Iard).....	08
95/EES/36/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.625 - Nordic Capital/Transpool).....	09
95/EES/36/08	Ríkisaðstoð - C 34/95 (NN 63/94 og N 222/95) - Spánn.....	09
95/EES/36/09	Ríkisaðstoð - C 34/95 - Spánn.....	09
95/EES/36/10	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 1994 varðandi áskrift CDC-Participations að hlutabréfum sem gefin voru út af Air France.....	10
95/EES/36/11	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. ágúst 1995 um breytingu á ákvörðun 84/28/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Póllandi sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins.....	10
95/EES/36/12	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júní 1995 um málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 90. gr. í EB-sáttmálanum.....	10
95/EES/36/13	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 81/91/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Argentínu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins .....	10
95/EES/36/14	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. júlí 1995 um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna viðskipta með sæði úr hrossum .....	10
95/EES/36/15	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um dýraheilbrigðisskilyrði og vottunarkröfur vegna innflutnings á <i>Crassostrea gigas</i> frá þriðju löndum til umlagningar á hafsvæðum bandalagsins.....	11
95/EES/36/16	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um sérstök dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á ákveðnum tegundum alifuglakjöts frá Ísrael og um ákveðnar takmarkanir í sambandi við dýraheilbrigði að loknum slíkum innflutningi.....	11
95/EES/36/17	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku og um niðurfellingu á ákvörðun 94/864/EB.....	11
95/EES/36/18	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af upplýsingum varðandi héraðið Goiás (Brasilíu) og Argentínu.....	11
95/EES/36/19	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 81/713/EBE hvað varðar skrár yfir starfsstöðvar í Brasilíu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins.....	12
95/EES/36/20	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um gerð skrár yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar hvað varðar eftirlit dýralæknis með afurðum og dýrum frá þriðju löndum, nákvæmar reglur varðandi eftirlit sérfræðinga bandalagsins í dýralækningum og um niðurfellingu á ákvörðun 94/24/EB.....	12
95/EES/36/21	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/495/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Kanada.....	12

95/EES/36/22	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. ágúst 1995 um breytingu á ákvörðun 93/547/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Slóvakíu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins.....	12
95/EES/36/23	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna.....	13
95/EES/36/24	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri.....	13
95/EES/36/25	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1995 um breytingu á tilskipun 93/102/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda.....	13
95/EES/36/26	Orðsending frá írsku ríkisstjórninni varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.....	13
95/EES/36/27	Auglýsing frá 27. apríl 1995 frá dönsku ríkisstjórninni .....	13
95/EES/36/28	Skrá yfir tollstjórnaskrifstofur sem hafa umboð til að annast formsatriði í tengslum við útflutning á menningarvörum, birt í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3911/92.....	14
95/EES/36/29	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	14
95/EES/36/30	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi til og frá Dijon.....	14
95/EES/36/31	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	14
95/EES/36/32	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi til og frá Pau.....	15
95/EES/36/33	Kynning í Japan á Evrópu sem ferðamannasvæði - Beiðni um tillögur.....	15
95/EES/36/34	Reglur um upplýsingaskipti -- tæknilegar reglugerðir.....	16

### 3. Dómstóllinn

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

95/EES/36/01

nr. 27/95

frá 19. maí 1995

### um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2812/94 frá 18. nóvember 1994 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 að því er varðar skilyrði fyrir aukinni flutningsgetu á skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3314/94 frá 22. desember 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

#### ÁKVEÐID EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 44. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89) í XIII. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. BENAVIDES

„- 394 R 2812: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2812/94 frá 18. nóvember 1994 (Stjtið. EB nr. L 298, 19. 11. 1994, bls. 22).

- 394 R 3314: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3314/94 frá 22. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 8).“.

##### 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2812/94 og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3314/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

##### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

##### 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 325, 17. 12. 1994, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 17. 12. 1994, bls. 70.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 298, 19. 11. 1994, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 8.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2812/94****frá 18. nóvember 1994****um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 að því er varðar skilyrði fyrir aukinni flutningsgetu á skipgengum vatnaleiðum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 844/94 <sup>(2)</sup>, einkum c-lið 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Á undanförunum árum hefur þróun flutningsmarkaðarins á skipgengum vatnaleiðum verið óhagstæð. Komið hefur í ljós að vegna þess að hægt er að fá skip smíðuð með litlum tilkostnaði í þriðju löndum veitir hlutfallið milli tonnafjölda nýrra skipa og eldri skipa, sem um getur í a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1101/89 og er nú 1 : 1, ekki nægilegt aðhald að því er varðar aukningu á umframflutningsgetu og teflir því í tvísýnu áhrifum ráðstafana bandalagsins til úreldingar. Því verður að leiðrétta þetta hlutfall.

Setja skal ákvæði til bráðabirgða um að hlutfallið 1 : 1 gildi áfram um skip hafi smíði þeirra verið komin á tiltekið stig og þau verið tekin í notkun innan sex mánaða frá gildistöku áðurnefndrar leiðréttingar.

Ráðstöfun sú sem gerð er grein fyrir í þessari reglugerð hefur verið til umfjöllunar hjá aðildarríkjunum og hjá samtökum um flutninga á skipgengum vatnaleiðum sem eru í fyrirsvari fyrir atvinnugreinina.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Í stað undirliðanna þriggja í a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89 komi eftirfarandi:

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. nóvember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Marcelino OREJA**

framkvæmdastjóri.

„- eigandi skips sem taka á í notkun úreldi tonnafjölda sem jafngildir einni og hálfri burðargetu nýja skipsins, eða

- eigandi sem úreldir ekki skip greiði í sjóðinn sem nýja skipið fellur undir, eða sjóð sem hann velur sjálfur í samræmi við 4. gr., sérstakt framlag jafnhátt úreldingarbótum sem hafa verið ákveðnar fyrir tonnafjölda sem jafngildir einum og hálfum tonnafjölda nýja skipsins, eða

- eigandi sem úreldir minna en sem nemur einum og hálfum tonnafjölda nýja skipsins sem taka á í notkun greiði í viðkomandi sjóð sérstakt framlag sem er á þeim tíma jafnt mismuninum á einum og hálfum tonnafjölda nýja skipsins og þeim tonnafjölda sem var úreltur.“

**2. gr.**

Þegar um er að ræða skip þar sem eigandinn getur sannað að:

- smíði hafi verið hafin á þeim degi sem þessi reglugerð er birt, og

- verk sem búið er að vinna áður en þessi reglugerð er birt svari til að minnsta kosti 20% af þyngd stáls eða 50 tonna, og að

- afhending og greiðsla eigi að fara fram innan sex mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar,

skulu skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89, eins og þau voru fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, gilda áfram samkvæmt beiðni til yfirvalda þess sjóðs sem skipið fellur undir.

**3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 298, 19. 11. 1994, bls. 22, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.

(2) Stjtið. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls. 1.

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 3314/94****frá 22. desember 1994****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(\*)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af aðildarlögunum frá 1994, einkum 169. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup> er sett fram áætlun um úreldingu skipa.

Með reglugerð (EB) nr. 844/94 <sup>(2)</sup> um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 skilgreindi ráðið nánar hugtakið „skip í rekstri“ með því að bæta við nýrri viðmiðun sem felur í sér skilyrði um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi skip, að minnsta kosti þrisvar sinnum, árlegt framlag sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89.

Þessi nýja viðmiðun leyfir ekki að farmflytjendur nýs aðildarríkis úreldi skip sín fyrstu þrjú árin eftir inngöngu eða nýti tiltekinn tonnafjölda með bótagreiðslum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að kveða á um undanþágu frá þessari viðmiðun á þessu tímabili

fyrir skip í flota nýs aðildarríkis með því skilyrði að þann 28. apríl 1994, daginn sem reglugerð (EB) nr. 844/94 öðlast gildi, hafi þau verið skráð í viðkomandi ríki og rekin af fyrirtæki með staðfestu þar.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. aðildarsáttmálans frá 1994 geta stofnanir Evrópubandalagsins samþykkt ráðstafanir þær sem um getur í 169. gr. aðildarlaganna áður en til aðildar kemur og látið þær koma til framkvæmda á gildistökudegi umrædds áttmála.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi undirlið skal bætt inn í reglugerð (EBE) nr. 1101/89 á eftir þriðju undirgrein 1. mgr. 5. gr.:

„Greiðslufyrirkomulagið sem fjallað er um í inngangsorðum þriðja undirliðar 1. mgr. 5. gr. gildir ekki í þrjú ár frá inngöngu nýs aðildarríkis um skip í rekstri sem voru skráð í því aðildarríki þann 28. apríl 1994 og rekin af fyrirtæki með staðfestu þar. Þó verður að greiða fjárframlagið sem tilgreint er í 1. mgr. 4. gr. fyrir þessi skip frá og með inngöngu.“

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi á sama degi og aðildarsáttmálinn frá 1994.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**H. SEEHOFER**

formaður.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 350, 31. 12. 1994, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2812/94 (OJ nr. L 298, 19. 11. 1994, bls. 22).

(2) Stjtið. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls. 1.

## Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar

95/EES/36/02

nr. 28/95  
frá 19. maí 1995

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3039/94 frá 14. desember 1994 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1102/89 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 45. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89) í XIII. viðauka við samninginn á undan aðlöguninni:

„- 394 R 3039: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3039/94 frá 14. desember 1994 (Stjtið. EB nr. L 322, 15. 12. 1994, bls. 11).“

## 2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3039/94 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1995.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

P. Benavides

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 68.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 322, 15. 12. 1994, bls. 11.

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 3039/94****frá 14. desember 1994****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1102/89 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2812/94 <sup>(2)</sup>, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EBE) nr. 1101/89 er kveðið á um leiðir til að draga úr flutningsgetu skipaflotans sem stundar siglingar á skipgengum vatnaleiðum með samræmdum úreldingaráætlunum á vettvangi bandalagsins.

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89 <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3433/93 <sup>(4)</sup>, voru settar ítarlegar reglur um framkvæmd úreldingaráætlanna.

Eins og stendur nægir það fjármagn sem fyrir hendi er ekki til að ná markmiðum um að draga verulega úr umframflutningsgetu. Þess vegna fjölgar stöðugt umsóknum um úreldingarbætur á sameiginlegum biðlista sem kveðið er á um í 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1102/89, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 3690/92 <sup>(5)</sup>.

Þessar aðstæður eru líklegar til að auka enn það ójafnvægi sem fyrir er á flutningsmarkaðinum á skipgengum vatnaleiðum. Þar eð ógæringur er, vegna hins erfiða efnahagsástands í greininni, að auka árlegt framlag skipaeigenda í úreldingarsjóðina hafa aðildarríkin sem málið varðar skuldbundið sig á fjárlögum landanna að sjá sjóðunum fyrir nauðsynlegu fjármagni til að úrelða þau skip sem voru á sameiginlega biðlistanum þann 30. júní 1994.

Til að koma í veg fyrir hvers konar röskun á samkeppni verða þessar úreldingaráætlanir að koma til framkvæmda samtímis, á

jafnlöngu tímabili og við sömu skilyrði í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum. Framkvæmdastjórnin verður að kveða á um tímabilið þegar hægt er að fá úreldingarbætur og skilyrðin fyrir veitingu þessara bóta á grundvelli markmiða sem stefnt er að og fjárhagslegrar stöðu sjóðanna. Þess vegna er rétt, að því er þessa úreldingaráætlun varðar, að kveða á um ítarlegar reglur varðandi tilkynningu um samþykkt umsókna um úreldingarbætur ásamt fresti til að úrelða skipin og útborgun úreldingarbótanna. Þar af leiðandi ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1102/89.

Samráð hefur verið haft við aðildarríkin og stofnanir sem eru í fyrirsvari fyrir flutningsaðila á skipgengum vatnaleiðum varðandi ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Reglugerð (EBE) nr. 1102/89 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við 1. gr. sem 5. mgr.:

„5. Með fyrirvara um ákvæði 1. til 4. mgr. skulu hlutaðeigandi aðildarríki, frá og með 1. janúar 1995, leggja úreldingarsjóðunum til nægilegt fé af fjárlögum sínum til að unnt sé að úrelða skip er sótt hefur verið um fyrir samkvæmt sameiginlegum biðlista sem kveðið er á um í 6. mgr. 8. gr. og sem hafa verið á þeim lista frá því fyrir 1. júlí 1994. Heildarfjármagnið þarf að nema 26 716 000 ECU, þar af 19 359 000 ECU fyrir þurrflutningaskip, 3 322 000 ECU fyrir tankskip og 4 035 000 ECU fyrir stjakkbáta.“;

2. Eftirfarandi bætist við 8. gr. sem 7. og 8. mgr.:

„7. Yfirvöld sjóðsins skulu, á tímabilinu frá 1. til 31. janúar 1995, tilkynna eigendum skipa um samþykkt á umsóknum þeirra um úreldingarbætur sem yfirvöldunum hefur borist fyrir 1. júlí 1994 vegna skipa sem eru á sameiginlega biðlistanum. Þau skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir þessar tilkynningar fyrir 1. mars 1995.“

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 322, 15. 12. 1994, bls. 11, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/95 frá 19. maí 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 298, 19. 11. 1994, bls. 22.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 30.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB nr. L 314, 16. 12. 1993, bls. 10.

(<sup>5</sup>) Stjtið. EB nr. L 374, 22. 12. 1992, bls. 22.



8. Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar 5. mgr. 7. gr. skal eigandi skips sem hefur fengið tilkynninguna sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar vera skuldbundinn til að úrelða skipið innan nfu mánaða frá dagsetningu tilkynningarinnar“;

Yfirvöld sjóðsins skulu senda framkvæmdastjórninni mánaðarlega, frá og með 1. maí 1995, skrá yfir úreldingarbætur sem hafa verið greiddar.“

**2. gr.**

3. Eftirfarandi bætist við 9. gr. sem 4. mgr.:

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1995.

- „4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og annarrar undirgreinar 3. mgr. skulu úreldingarbætur vegna umsóknar sem samþykkt er samkvæmt 7. mgr. 8. gr. greiddar innan eins mánaðar frá þeim degi er eigandi skipsins færir sönnur á að skipið hafi verið rífið.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

**Marcelino OREJA**

framkvæmdastjóri.

ÍSTENSK ÚTGÁFA

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.630 - Henkel/Schwarzkopf)

95/EES/36/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. 9. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem Thompson Siegel GmbH (Thompson), undir yfirráðum fyrirtækisins Henkel KGaA (Henkel), öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir fyrirtækinu Hans Schwarzkopf GmbH (Schwarzkopf) með því að kaupa meirihluta hlutabréfanna.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Thompson: umsjón með framleiðsluverksmiðju Henkels,
  - Henkel: framleiðsla og dreifing á hreinsiefnum, kemískum efnum, límefnum, snyrtivörum, hársnyrtivörum og húðkremum,
  - Schwarzkopf: framleiðsla og dreifing á hársnyrtivörum og húðkremum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 247, 23. 9. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.630 - Henkel/Schwarzkopf, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samrunareglugerðin gildir ekki um tilkynnta aðgerð  
(Mál nr. IV/M.578 - Hoogovens/Klöckner)**

95/EES/36/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 4. 1995 að tilkynnt aðgerð í framannefndu máli félli ekki undir gildissvið samrunareglugerðarinnar vegna þess að hún myndar ekki samfylkingu í skilningi 3. gr. reglugerðarinnar. Ákvörðun þessi byggist á a-lið 1. mgr. 6. gr. samrunareglugerðarinnar. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.585 - Voest Alpine Industriebau GmbH/  
David International Ltd)**

95/EES/36/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 7. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.614 - Generali/France Vie - France Iard)**

95/EES/36/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 8. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

<sup>(1)</sup> Stjótt. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjótt. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.625 - Nordic Capital/Transpool)**

**95/EES/36/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 23. 8. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels  
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Ríkisaðstoð  
C 34/95 (NN 63/94 og N 222/95)  
Spánn**

**95/EES/36/08**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar áform Spánar um að veita ríkisstyrk til Volkswagen-samstæðunnar til að styðja spænska dótturfyrirtæki þess Seat SA (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 237, 12. 9. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.

**Ríkisaðstoð  
C 34/95  
Spánn**

**95/EES/36/09**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar styrk sem er veittur vegna endurskipulagningaráætlunar Seat SA í kjölfar nýrrar tilkynningar um aðstoð frá spænskum yfirvöldum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 237, 12. 9. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Spán.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1995 um 95/EES/36/10  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 1994  
varðandi áskrift CDC-Participations að hlutabréfum sem gefin voru út  
af Air France**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 1994 varðandi áskrift CDC-Participations að hlutabréfum sem gefin voru út af Air France í Stjtið. EB nr. L 219, 15. 9. 1995. Ákvæðum 2. og 3. gr. í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 1994 (93/C334/04) er breytt með þessari ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. ágúst 1995 um 95/EES/36/11  
breytingu á ákvörðun 84/28/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar  
í Póllandi sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til  
bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. ágúst 1995 um breytingu á ákvörðun 84/28/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Póllandi sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins í Stjtið. EB nr. C 235, 9. 9. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 84/28/EBE kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júní 1995 um 95/EES/36/12  
málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 90. gr. í EB-sáttmálanum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. júní 1995 um málsmeðferð samkvæmt 3. mgr. 90. gr. í EB-sáttmálanum í Stjtið. EB nr. L 216, 12. 9. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um að lendingarafsláttarkerfið sem er notað á innanlandsflugvöllinum Zaventem í Brussel samrýmist ekki 1. mgr. 90. gr. EB-sáttmálans, í ljósi 86. gr. hans (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1995 um 95/EES/36/13  
breytingu á ákvörðun 81/91/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar  
í Argentínu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til  
bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 81/91/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Argentínu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins í Stjtið. EB nr. C 193, 27. 7. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 81/91/EBE kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. júlí 1995 um 95/EES/36/14  
fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna viðskipta með sæði úr  
hrossum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. júlí 1995 um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði vegna viðskipta með sæði úr hrossum í Stjtið. EB nr. L 182, 2. 8. 1995. Í ákvörðuninni er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli tryggja að rétt útfyllt heilbrigðisvottorð, sem samsvarar fyrirmyndinni í viðaukanum við ákvörðunin, fylgi ávallt sæði úr hrossum sem flutt er frá yfirráðasvæði þeirra til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um 95/EES/36/15**  
**dýraheilbrigðisskilyrði og vottunarkröfur vegna innflutnings á**  
***Crassostrea gigas* frá þriðju löndum til umlagningar á hafsvæðum**  
**bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um dýraheilbrigðisskilyrði og vottunarkröfur vegna innflutnings á *Crassostrea gigas* frá þriðju löndum til umlagningar á hafsvæðum bandalagsins í Stjtið. EB nr. L 204, 30. 8. 1995. Í ákvörðuninni er mælt fyrir um innflutningsskilyrði sem aðildarríkin þurfa að uppfylla áður en þau heimila innflutning á lindýrum af tegundinni *Crassostrea gigas* til umlagningar á hafsvæðum bandalagsins, eða í hreinsunarstöðvum sem eru í snertingu við hafsvæði bandalagsins, frá löndum sem eru talin upp í I. viðauka við ákvörðunina (sjá nánari útlístun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um 95/EES/36/16**  
**sérstök dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna**  
**innflutnings á ákveðnum tegundum alifuglakjöts frá Ísrael og**  
**um ákveðnar takmarkanir í sambandi við dýraheilbrigði að**  
**loknum slíkum innflutning**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um sérstök dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á ákveðnum tegundum alifuglakjöts frá Ísrael og um ákveðnar takmarkanir í sambandi við dýraheilbrigði að loknum slíkum innflutning í Stjtið. EB nr. L 199, 24. 8. 1995. Í ákvörðuninni er mælt fyrir um að aðildarríkin skuli heimila innflutningi frá Ísrael á hamflettu og úrbeinuðu nýju alifuglakjöti, að undanskilinni gæsalífur, svo fremi kjötið uppfylli kröfurnar um dýraheilbrigði sem kveðið er á um í I. viðauka við ákvörðunina og því fylgi slíkt vottorð, rétt útfyllt og undirritað (sjá nánari útlístun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um skrá 95/EES/36/17**  
**yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku og um niðurfellingu**  
**á ákvörðun 94/864/EB**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. júlí 1995 um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku og um niðurfellingu á ákvörðun 94/864/EB í Stjtið. EB nr. L 195, 18. 8. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um að stöðvarnar sem taldar eru upp í viðaukanum við ákvörðunina, staðsettar á svæði sem er ekki með viðurkenningu hvað varðar VHS, séu samþykktar sem viðurkenndar stöðvar hvað varðar IHN og VHS (sjá nánari útlístun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um 95/EES/36/18**  
**breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um**  
**dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju**  
**kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af**  
**upplýsingum varðandi héraðið Goiás (Brasilíu) og Argentínu**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku til að taka mið af upplýsingum varðandi ríkið Goiás (Brasilíu) og Argentínu í Stjtið. EB nr. L 202, 26. 8. 1995. Í stað I. viðauka við ákvörðun 93/402/EBE kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlístun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um 95/EES/36/19  
breytingu á ákvörðun 81/713/EBE hvað varðar skrár yfir starfsstöðvar  
í Brasilíu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til  
bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun 81/713/EBE hvað varðar skrár yfir starfsstöðvar í Brasilíu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins í Stjtið. EB nr. C 205, 10. 8. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 81/713/EBE kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um gerð 95/EES/36/20  
skrár yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar hvað  
varðar eftirlit dýralæknis með afurðum og dýrum frá þriðju löndum,  
nákvæmar reglur varðandi eftirlit sérfræðinga bandalagsins í  
dýralækningum og um niðurfellingu á ákvörðun 94/24/EB**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um gerð skrár yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar hvað varðar eftirlit dýralæknis með afurðum og dýrum frá þriðju löndum, nákvæmar reglur varðandi eftirlit sérfræðinga bandalagsins í dýralækningum og um niðurfellingu á ákvörðun 94/24/EB í Stjtið. EB nr. L 211, 6. 9. 1995. Í ákvörðuninni er mælt fyrir um að eftirlit dýralæknis með afurðum og dýrum sem eru flutt inn í bandalagið frá þriðju löndum skuli framkvæmt af þar til bærum innlendum yfirvöldum í viðurkenndum skoðunarstöðvum á landamærum sem taldar eru upp í viðaukanum við ákvörðunina (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um 95/EES/36/21  
breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/495/EBE um  
sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Kanada**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/495/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fiskafurðum frá Kanada í Stjtið. EB nr. L 203, 29. 8. 1995. Viðauka B við ákvörðun 93/495/EBE er breytt með þessari ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. ágúst 1995 um 95/EES/36/22  
breytingu á ákvörðun 93/547/EBE hvað varðar skrána yfir  
starfsstöðvar í Lýðveldinu Slóvakíu sem eru viðurkenndar í því skyni  
að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. ágúst 1995 um breytingu á ákvörðun 93/547/EBE hvað varðar skrána yfir starfsstöðvar í Lýðveldinu Slóvakíu sem eru viðurkenndar í því skyni að flytja nýtt kjöt inn til bandalagsins í Stjtið. EB nr. C 227, 1. 9. 1995. Í stað viðaukans við ákvörðun 93/547/EBE kemur viðaukinn við þessa ákvörðun (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júlí 1995 um 95/EES/36/23  
breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu  
plöntuvarnarefna**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna í Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995. II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE er breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa tilskipun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1995 um 95/EES/36/24  
breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 1995 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri í Stjtið. EB nr. L 172, 22. 7. 1995. I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa tilskipun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1995 um 95/EES/36/25  
breytingu á tilskipun 93/102/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE  
um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og  
auglýsingu matvæla til sölu til neytenda**

Framkvæmdastjórnin birti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1995 um breytingu á tilskipun 93/102/EB um breytingu á tilskipun 79/112/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda í Stjtið. EB nr. L 182, 2. 8. 1995. Ákvæðum 3. gr. tilskipunar 93/192/EB er breytt með þessari tilskipun (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Orðsending frá írsku ríkisstjórninni varðandi tilskipun 95/EES/36/26  
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir  
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa fyrir leit og vinnslu vetniskolefna kunngjörir samgöngu-, orku- og fjarskiptamálaráðherra þau viðmið sem eru notuð við leyfisveitingu (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 240, 15. 9. 1995).

**Auglýsing frá 27. apríl 1995 frá dönsku ríkisstjórninni 95/EES/36/27**

Í samræmi við 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 kunngjörir danska ríkisstjórnin í Stjtið. EB nr. C 240, 15. 9. 1995, að viðkomandi dönsk yfirvöld séu:

Miljø - og Energiministeriet  
c/o Energistyrelsen (Energy Agency)  
Landemærket 11  
1119 København



**Skrá yfir tollstjórnaskrifstofur sem hafa umboð til að annast formsatriði í tengslum við útflutning á menningarvörum, birt í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3911/92** 95/EES/36/28

Framkvæmdastjórnin birti skrá yfir tollstjórnaskrifstofur sem hafa umboð til að annast formsatriði í tengslum við útflutning á menningarvörum, birt í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3911/92<sup>(1)</sup> (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 241, 16. 9. 1995).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands** 95/EES/36/29

Frakkland hefur ákveðið, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Parísar (Orly-flugvallar) og Montluçon-Guéret (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 240, 15. 9. 1995).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi til og frá Dijon** 95/EES/36/30

Frakkland hefur ákveðið, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Dijon og Lille og milli Dijon og London (Heathrow/Gatwick/Stansted/City Airport) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 240, 15. 9. 1995).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands** 95/EES/36/31

Frakkland hefur ákveðið, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Pau og Clermont Ferrand (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 240, 15. 9. 1995).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 31. 12. 1992, bls. 1.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 95/EES/36/32**  
**4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að**  
**veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi til og frá Pau**

Frakkland hefur ákveðið, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Pau og Madrid (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 240, 15. 9. 1995).

**Kynning í Japan á Evrópu sem ferðamannasvæði**

**95/EES/36/33**

**Beiðni um tillögur**

Samkvæmt aðgerðaráætlun bandalagsins til stuðnings ferðamálum, sem ráðið samþykkti 13. 7. 1992 (Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992), óskar framkvæmdastjórnin eftir tillögum frá hlutaðeigandi samtökum til að þróa og útfæra áætlun um markaðssetningu, í tengslum við ferðamál, í Japan á árunum 1996 og 1997.

Tillögurnar ber að senda í ábyrgðarbréfi, með póststimpli, eða afhenda fyrir 13. 10. 1995 (kl. 17 00 að staðartíma): Mrs. M. Wafellman, Directorate-General XXIII, (Tourism Unit), European Commission, Rue d'Arlon 80, B-1040 Brussel, Belgíu. Tillögurnar skal leggja fram í tveimur lokuðum umslögum, bæði með heimilisfangi, og skal einnig merkja innra umslagið með: „Promotion of Europe as a Tourism Destination in Japan. A ne pas ouvrir par le service Courrier“. Margnota umslög skulu límd aftur með límbandi. Tillögur sendar um bréfasíma verða ekki teknar gildar. Að því er varðar frekari upplýsingar um þátttökuskilyrði og aðferðir, viðmiðanir við val, o.s.frv. sjá Stjtið. EB nr. C 212 og S 155, 17. 8. 1995.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

95/EES/35/19

- Tilskipun 83/189/EEB frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EEB frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EEB. (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lök þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
95-0218-FIN	Rafmagnsbúnaður fyrir færanleg og kyrrstæð hjólhýsi (opinber auglýsing 52-95)	30.10.1995
95-0219-F	SP/DGPT/ATAS/13: Tæknileg reglugerð fyrir fjar-skiptaendurvarpsbúnað sem ætlaður er til sendinga á hliðrænum myndmerkjum á tíðnisviðinu 23,5 GHz til 23,6 GHz	27.10.1995
95-0220-S	Reglugerð sænsku umhverfisstofnunarinnar um pappírsúrgang	6.11.1995
95-0221-NL	Fyrsta breyting á fyrirmælunum um eftirlitskerfi fyrir margnota plastflöskur	3.11.1995
95-0222-FIN	Lög um öryggi í rafmagnsmálum	30.10.1995
95-0223-B	Konungsúrskurður um breytingu á konungsúrskurði frá 2. september 1980 um skilyrði fyrir verðlagningu sérlyfja og sambærilegra lyfjavana þegar tekið er mið af skyldubundinni sjúkra- og örorkutryggingu	10.11.1995
( <sup>3</sup> ) ( <sup>4</sup> )		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EEB án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(<sup>1</sup>) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(<sup>2</sup>) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(<sup>3</sup>) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(<sup>4</sup>) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.